

## Hafliði Guðmundsson

hreppstjóri.

I.

Er danðans engill veifar vængjum dökkum  
um vora bygð, og hreystin dvína fer,  
þá sjáum vér með sorg og huga klökkum,  
hve sára-veikur eigin þróttur er.

Þá finst oss lífið ljós á skari brunnu,  
sem leifturskin, er út í myrkrið fer;  
þá finst oss lífið gull í gleri þunnu,  
sem glatist þegar hýðið brostið er.

En svo er eigi. — Hér þó æfin endi,  
og alt sé horfið líkt og slokkið bál,  
þá aldrei glatast guðs úr föður hendi  
það gullið dýra: mannsins helga sál.

Því hvernig ætti lífsins líf að týna  
því lífi, sem það hér á jörðu ól?

Og aldrei hættir himinssól að skína,  
þó hverfi sjónum bak við jökulstól.

Nei, hlutverk lífsins verður stærra og stærra  
og stefnir fram — í ljós og gleðibál;  
og stig af stigi leitar hærra og hærra  
að hjarta Drottins, mannsins guðleg sál.

II.

Nú drúpir bær, er fækka varnarvigin,  
sem vörðu hann með sæmd á hverri stund.  
Nú drúpir bær, er höfðinginn er hniginn,  
sem helsta stoðin var á marga lund.

Ó, elsku vin, þó sárt þín meigum sakna,  
í sorgartárum friðargeisli hlær,  
því ótal marga minning finnum vakna,  
sem mildu ljósi yfir harminn slær.

Þú varst svo góður, ljúfur, hreinn í hjarta,  
í hverri raun þú sýndir gætni og dug.  
Hver maður geymir minning þína bjarta,  
já, minnst þín með ást og vinarhug.

Þú stóðs sem bjarg í straumi lífsins þungum,  
með stilling æ úr vanda leystir þú.  
Með góðum ráðum, gömlum jafnt sem ungum,  
til gæfu lagðir marga trausta brú.

Nú börn og kona blessa minning þína,  
og blíða og langa sambúð þakka hlýtt.  
Þín ást og trygð þeim eins og sólar skína  
til æfiloka gegnum blítt og strítt.

Ó, farðu vel til fegri og betri staða  
í frið og sælu, hetjan trygg og djörf.  
Á sorgarstundu geri okkur glaða,  
að guð þér launar mörg og fögur störf.

Páll J. Árdal.

Á þrem mánuðum, des., jan., og febr. í vetur urðu 58 flugslys í heimaher Breta.

Í lögreglunni í New-York eru 11 þúsundir manna. Þar af eru 9000 óbreyttir lögregluþjónar, 60 lögreglu-konur og 25 læknar.

Í leynilögreglunni eru 650 manns.

2000 prestar og 120 jesúítar eru fallnir í her Frakka.

Hollendingar hafa tilkynnt það, að þeir verði að skoða vopnuð kaupför sem herskip, og geti þessvegna ekki leyft þeim að sigla til hafna sinna. Þykir Bretum og Bandaríkjunum þetta allhart.

## Sölubúð Jens Eyjólfssonar

er nú aftur opnuð, mikið endurbætt og full af alskonar varningi og von á miklu í viðbót með næstu skipum sem alt verður selt mjög ódýrt.

Kynnið yður verð og vörugæði.

Virðingarfylst.

Jens Eyjólfsson.

### Athugasemd

við grein Tómasar á Miðhóli.

Í 25. tölubl. »Fram« ritar Tómas á Miðhóli svar til stöðvarinnar hér eða H. G. Guðmundssonar sem hjá mér er. En fyrst og fremst byrjar hann grein sína með ósannsögli og getsökum í minn garð, því umrædd grein var skrifuð án minnar vitundar að öllu leyti, en veslings Tómas hefir hugsað að eg stæði á bakvið, af því hann hefir haft einhverja hugmynd um að eg hefði fulla ástæðu til að kvarta undan Fellsstöðinni og honum sjálfum sérstaklega. En eg hefi ekki ætlað mér að fara í bládadeilur eða þesskonar en læt mér nægja að skamma og kæra stöðvarnar þegar eg finn ástæðu til.

Hvað því viðvíkur, að eg teji fyrir samtölum þriðjaflokksstöðva á þeirra tíma, eru helber ósannindi, því eg tek mjög sjaldan samtöl við 2. fl. stöðvar eða 1. fl. á þeirra tíma og hefi einmitt fengið ónot hjá þeim fyrir það. Hvað viðvíkur boðsendingum, þá vil eg fullyrða að menn yfirleitt koma fljótar til viðtals hér en alment gerist, og hygg eg Tómas þurfi alls ekki að kvarta undan því. — En Tómas hefir undan öðru að kvarta, og það er, að eg hefi margoft rekið hann úr símanum í Felli, þegar hann hefir sjálfur verið að veita sér samtöl og hlusta í símanum, og einu sinni sem eg mátti kalla til hjálparstöðvarstjóra Gísla Ólafssonar á Akureyri, sem skipaði honum í burtu.

Læt eg svo hér við sitja og lofa þeim að eiga sig, stöðvarstjóranum í Felli og Tómasi, nema ef þeir verða fyrir mér í síma.

J. Blöndal.

### Línutaumar

nýkomnir

í verzlun

Jens Eyjólfssonar.

Svar

til Dýravinsins kemur í næsta blaði.

Lagarfoss

kemur í kvöld kl. 9 til 10.

Tíðin

hefir verið góð þessa viku, og vonandi að sumarið sé alkomið til okkar. Hlaka hefir þó engin verið ennþá, aðeins sólbráð.

### Nokkur orð

til hr. Tómasar Jónassonar.

Í 25. tölubl. »Fram,« er einhver Tómas Jónasson svo góðviljaður að gera athugasemd við grein mína í 21. tölublaði sama blaðs, Mig langar að svara nokkrum atriðum í grein hr. T. J. þótt greinin sé varla svara verð.

Hr. T. J. byrjar með þessum orðum: »Í Fram 21. tölubl. skrifar einhver símaþjónn á Siglufirði, fyrir munn húsbónda síns.« Eftir þessum orðum að dæma, álitur hann að eg sé einskona ritvél í höndum stöðvarstjórans hér. Þetta er mis-skilningur, því eg veit að stöðvarstjórin hafði ekki hugmynd um hina umgetnu grein mína fyr en blaðið var komið úr pressunni. En það er eðlilegt að hr. T. J. ímyndi sér að fleiri en hann hljóti að vera hugsunarlaust verkfæri í annara höndum, því ekki mun stöðvarstjóranum í Felli hafa verið ókunnugt um grein hr. T. J. áður en hann sendi hana til blaðsins.

Hr. T. J. álitur að tilgangurinn með grein minni sé sá, að fá símastjóran (Landsímastjóran?) til það loka nokkrum símastöðvum, Hver annar en hr. T. J. getur séð það á grein minni, að tilgangurinn sé þessi? Eg bendi aðeins á það sem

## Ameriskar

## FISKILÍNUR

útvegar

Jens Eyjólfsson.